



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/1373*

*komudagur 16.3.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 15.3. 2004.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt, 21. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt.

Á síðasta ári kynnti ASÍ skýrsluna *Velferð fyrir alla*. Hún var afrakstur þriggja ára vinnu sem hófst árið 2000. Leitað var samráðs og samvinnu við fjölmarga aðila í þjóðfélaginu, hagsmunaaðila, almannaheillasamtök, starfsfólk sveitarfélaga og sérfræðinga. Í skýrslunni er lögð áhersla á að íslenska velferðarkerfið skuli veita öllum öryggi til framtíðar, óháð búsetu, efnahag og félagslegum aðstæðum. Sérstaklega er fjallað um fátækt á Íslandi, ástæður hennar og leiðir til úrbóta. Í ályktun Ársfundar ASÍ 2003 voru áherslur í skýrslunni áréttáðar.

ASÍ lítur svo á að tillaga sú sem hér er til umsagnar samrýmist vel þeim áherslum og framtíðarsýn í velferðarmálum sem ASÍ hefur verið að móta.

Alþýðusambandið styður því þessa tillögu.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

hagdeild ASÍ